

REGLUR

Sveitarfélagsins Ölfuss um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk

I. Lagagrundvöllur og markmið

1. gr.

Reglur þessar byggja á 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og taka mið af leiðbeinandi reglum Félagsmálaráðuneytisins um akstursþjónustu við fatlað fólk.

2. gr.

Markmið ferðaþjónustu er að gera þeim, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki, kleift að stunda nám, vinnu, hæfingu, sækja heilbrigðisþjónustu og njóta tómstunda. Haft er að leiðarljósi að aðstoða fatlað fólk til fullrar þátttöku í samfélaginu og sjálfstæðs lífs eins og kostur er hverju sinni.

Aðstæður eru metnar hverju sinni með einstaklingsmiðuðum hætti. Þar ber að meta markmið einstaklingsins, meðal annars hvað varðar atvinnu, nám og tómstundir, og hvaða þarfir hann hafi til þess að fara ferða sinna sem geri honum kleift að ná þeim markmiðum.

Akstursþjónusta er veitt innan marka lögheimilissveitarfélags notandans auk þess sem hún nær til miðlægra þjónustueininga á Selfossi.

3. gr.

Sé þjónustustofnun eða önnur nauðsynleg þjónusta fyrir fatlað fólk sbr. 2. gr., staðsett í öðru sveitarfélagi getur lögheimilissveitarfélag kannað hvort grundvöllur sé fyrir samkomulagi milli sveitarfélaganna sem tryggi aðgang að þeirri þjónustu. Sama gildir ef notandi dvelst tímabundið í öðru sveitarfélagi. Frumskylda skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga hvílir þó ávallt á lögheimilissveitarfélagi notanda.

II. Um þjónustuna

4. gr.

Skilyrði fyrir þjónustu samkvæmt reglum þessum:

- Að notandi eigi lögheimili eða hafi skráð aðsetur í sveitarfélaginu
- Að notandi geti ekki komist ferða sinna með sambærilegum hætti og ófatlaðir íbúar sveitarfélagsins

Heimilt er að veita undanþágu frá þessum skilyrðum skv. mati starfsfólks velferðarþjónustu vegna sérstakra aðstæðna.

5. gr.

Viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins.

Ferðir til og frá skóla, vinnu, hæfingu og vegna heilbrigðisþjónustu ganga fyrir öðrum ferðum.

Fjöldi ferða til annarra erinda en að ofan greinir skal metinn í samráði við hvern og einn umsækjanda, en við það skal miðað að þær verði ekki fleiri en 18 í mánuði að jafnaði og heildarfjöldi ferða eigi fleiri en 64 að jafnaði í mánuði sé akstur vegna tómstunda talinn með.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka.

Umsóknir um ferðapjónustu þeirra sem búa í dreifbýli eru teknar fyrir á teymisfundi velferðarþjónustu og metnar út frá þörfum hvers einstaklings. Leitast skal við að samnýta ferðir eins og kostur er og sýna sveigjanleika með því að semja við einkaaðila.

Um gjald ferðapjónustu vísast til gjaldskrár ferðapjónustu fyrir fatlað fólk.

6. gr.

Ef ferðapjónusta byggist á notkun leigubifreiða eða einkabifreiða starfsfólks, sem sinnir félagslegri heimaþjónustu eða liðveislu, skal gera einstaklingsbundna samninga um slíkt fyrirkomulag. Í samningnum, sem er milli notanda, starfsmanns og sveitarfélags, skal kveðið á um greiðslu kostnaðar og tryggingarmál. Starfsmaður velferðarþjónustu skipuleggur akstursáætlun í samvinnu við bílstjóra og með þarfir notanda í huga. Við framkvæmd þjónustunnar skal taka mið af því að farþegum sé sýnd tilhlýðileg virðing og sveigjanleiki.

7. gr.

Við endurskoðun á viðmiðum um ferðafjölda gildir eftirfarandi:

- a. Tilkynningar og samráð: Tilkynna ber notendum, talsmönnum þeirra og réttindagæslumönnum um það þegar almenn viðmið um ferðafjölda eru tekin til endurskoðunar. Viðmiðum verður ekki breytt nema notendaráð hafi fjallað um þau.
- b. Athugun á viðmiðum í öðrum sveitarfélögum: Skoða ber fyrirkomulag þjónustunnar í aðliggjandi sveitarfélögum eða innan þjónustusvæðis til þess að tryggja sem best samræmi við framkvæmd þjónustunnar. Samhliða ber að kanna möguleika á samkomulagi um ferðir milli sveitarfélaga, sbr. 7. lið.
Aðlögunartími: Gefa ber notendum aðlögunartíma í að minnsta kosti þrjá mánuði áður en ákvörðun um ný viðmið kemur til framkvæmda.,

8. gr.

Bifreiðastjóri í þjónustu skal hafa almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017, aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla.

Óheimilt er að ráða starfsmann til að sinna akstursþjónustu við fatlað fólk sem hefur hlotið refsidóm vegna brots á ákvæðum 211. gr., 218. gr. eða XXII. kafla almennra hegningarlaga. Stjórnendur sveitarfélagsins eiga rétt á upplýsingum úr sakaskrá um það hvort umsækjandi um starf á þeirra vegum hafi hlotið dóm vegna brota á ofangreindum ákvæðum, að fengnu samþykki umsækjanda.

Ofangreind hæfissskilyrði gilda einnig um verktaka og undirverktaka sem fengnir eru til að sinna akstursþjónustu við fatlað fólk.

Ákvæði um þagnarskyldu taka til bifreiðarstjóra og annarra þeirra sem koma að akstursþjónustu þótt viðkomandi sé ekki starfsmaður sveitarfélagsins. Í samningi sveitarfélags við verktaka um akstursþjónustu á þess vegum skal kveðið sérstaklega á um hæfi og skyldur bifreiðarstjóra.

III. Málsmeðferð

9. gr.

Fjölskyldu- og fræðslunefnd ber ábyrgð á þjónustunni og hefur sviðsstjóri velferðarþjónustu yfirlit með henni.

Umsókn um ferðapjónustu berist velferðarþjónustu Ölfus á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á skrifstofu sveitarfélagsins og á heimasíðu. Í umsókn skulu koma fram almennar upplýsingar um notanda s.s. fötlun, aðstæður, óskir um fjölda ferða og í hvaða tilgangi þær eru farnar.

Umsókn um ferðapjónustu er afgreidd af ráðgjöfum velferðarþjónustu. Ráðgjafar leggja mat á umsókn og ákveða umfang og tímalengd þjónustunnar. Við mat á umsókn um ferðapjónustu er einkum stuðst við viðurkennt staðlað mat á þjónustupörf einstaklings á hverjum tíma, ef slíkt er fyrirbyggjandi. Þá er stuðst við gögn sem umsækjandi leggur fram, eftir því sem við getur átt, og önnur gögn sem kann að vera aflað við málsmeðferðina. Ef sótt er um ferðapjónustu sem ekki fellur undir reglur þessar er umsókn tekin fyrir á teymisfundi velferðarþjónustunnar.

Umsókn er svarað skriflega eins fljótt og auðið er og í öllum tilvikum innan fjögurra vikna frá því að hún berst. Umsókn er metin með hliðsjón af getu og færni notanda og möguleika hans til að nýta sér þjónustu almenningsfarartækja og/eða annarra ferðamöguleika.

10. gr.

Umsækjandi um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk getur krafist rökstuddra skriflegra svara um forsendur ef umsókn er synjað. Ákvörðun um synjun má áfrýja til fjölskyldu- og fræðslunefndar. Skal það gert skriflega innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda berst vitneskja um ákvörðunina. Ákvörðun nefndarinnar er unnt að skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála.

IV. Endurskoðun og gildistaka

11. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

12. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu bæjarstjórnar.